

1.OG 2. BEKKUR - HLUSTUN

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Samtöl	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur eins orðs setningar með látbragði • Skilur tvær samtengdar einfaldar setningar með þekktum orðaforða og látbragði t.d. Komdu og sestu hérna 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur aðalatriðið í tengdum setningum um kunnuglegt efni t.d. eftir kennslu í blöndun lita synir nemandi skilning með því að blanda litum rétt saman 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur aðal hugmyndir og nokkur smáatriði í tengdum setningum um kunnuglegt efni t.d. eftir að hafa hlustað á sögu eða horft á mynd skilur hann aðalatriðin 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur meginhugmyndir og sum smáatriði í ókunnugu efni t.d. getur endursagt sögu 	<ul style="list-style-type: none"> • Bregst við flestu því sem sagt er í félagsskap og í bekkjarstarfi t.d. eftir að hafa hlustað á sögu getur hann sagt frá smáatriðum og skipst á skoðunum í bekkjarumræðum
Málvisindaleg færni Linguistic	<ul style="list-style-type: none"> • Svarar spurningum án orða t.d. bendir • Svarar einföldum spurningum með einu orði með aðstoð látbragða, bendinga, teikninga 	<ul style="list-style-type: none"> • Svarar einföldum spurningum (hvað, hvenær, hvar, hver, hve margir) með stuttum, einföldum setningum • Bregst rétt við einföldum fyrirmælum t.d. Sestu niður 	<ul style="list-style-type: none"> • Svarar flóknari spurningum um e-ð sem hann þekkir vel t.d. við erum búin að læra um dýrin, hver er munurinn á skordýrum og spendýrum? • Getur unnið með hlustunartexta sem hefur verið einfaldaður fyrir hann sérstaklega 	<ul style="list-style-type: none"> • Svarar opnum spurningum t.d. Segðu mér meira af... Hvernig.... Af hverju.... • Vinnur eftir hlustunartexta með smá aðstoð, t.d. getur unnið í hópvinnu, með smá aðstoð 	<ul style="list-style-type: none"> • Bregst við setningum sem fela í sér óyrta meiningu t.d. Þig langar svo mikið í svona mat (þegar allir vita að hann langar það einmitt ekki) • Getur svarað spurningum sem krefjast hugmyndaflugs, ímyndunar t.d. ef þú værir aðalpersónan í þessari sögu hvað myndir þú gera?

1.OG 2. BEKKUR - HLUSTUN

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Skipulagsleg færni Strategic	<ul style="list-style-type: none"> • Biður um útskýringu með látbragði eða einu orði t.d. yppir öxlum, hristir höfuðið • Horfir á hina og hermir eftir til að taka þátt í bekkjarstarfi • Biður um aðstoð frá e-m sem talar móðurmálið 	<ul style="list-style-type: none"> • Biður um útskýringu með einföldum setningum t.d. Hvað? Viltu hjálpa mér? • Getur í merkingu með hjálp lykilorða í kunnuglegu samhengi með hjálp mynda eða annars sýnilegs t.d. stundatafla með myndum 	<ul style="list-style-type: none"> • Biður um útskýringu með einföldum spurningum t.d. Hvað segirðu? Á ég að gera þetta núna eða seinna? 	<ul style="list-style-type: none"> • Biður um útskýringar með því að spyrja sérstakra spurninga, t.d. á ég að gera þetta fyrst? 	<ul style="list-style-type: none"> • Spyr spurninga í bekkjarsamræð um til að fá meiri upplýsingar, t.d. Af hverju gerðir þú þetta? • Skilur daglegar umræður í bekk, t.d. missir ekki þráðinn v. endurtekninga, útúrdúra, leiðréttinga
Félagleg málfærni	<ul style="list-style-type: none"> • Tjáir sig með látbragði og/eða með einu orði eða örstuttum lærðum setningum t.d. vinkar bless, „halló“ „bless“ „sjáumst á morgun“ 	<ul style="list-style-type: none"> • Gerir sér grein fyrir mismuni á formlegu og óformlegu tali í kunnuglegu samhengi t.d. mism. á heimili og skóla, leikvelli og skólafötu 	<ul style="list-style-type: none"> • Er farinn að skilja tíðar setningar sem sagðar eru í skólanum t.d. „fariði í röð“, „bíddu“ 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur merkingarmun sem gefinn er í ljós með mismunandi tón, hæð, áherslu t.d. þegar kennari reiðist 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur algeng orðatiltæki t.d. „ég er alveg að springa“ „þú ert nú algjör jólasveinn“
Hljóðkerfisvitund	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir nokkra íslenska stafi og hljóð þeirra, þ.e.a.s. þegar þeir eru eins og í móðurmáli • Skilur þegar hann heyrir orð sem hann hefur lært 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir flesta íslenska stafi og hljóð þeirra en á enn erfitt með þá stafi og þau hljóð sem eru ólík eða ekki til í móðurmáli. • Getur einangrað og skilið einstök orð sem • hann heyrir í setningu 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sagt til um ákveðna stafi í orðum t.d. hver er fyrsti stafurinn í orðinu jólasveinn? • Skilur orð og setningar sem eru styttaframburði t.d. „viltu vera memm?“ „gemma líka“ 	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur rím og getur rímað t.d. „hvaða orð rímar við orðið rós?“ • Skilur kunnulegar setningar sem sagðar eru hratt í skólafönnu innan um aðrar setningar 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnir stöðugar framfarir í hljóðkerfisvitund t.d. fyrsti stafur, síðasti stafur, stafur í miðjunni á orði • Skilur eðlilegt íslenskt tal á eðlilegum hraða, t.d. gestur sem kann ekki að taka tillit til hans

1.OG 2. BEKKUR - TAL

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Samtöl	<ul style="list-style-type: none"> Fylgist vel með en talar eiginlega ekki Tjáir sig með látbragði Tjáir sig með 1-2 orðum 	<ul style="list-style-type: none"> Er farinn að tjá sig með stuttum setningum t.d. „ég veit ekki“ „í skólatösku“ Tengir saman orð með samtengingunni „og“ 	<ul style="list-style-type: none"> Byrjar stuttar setningar með áhersluorði: „í dag...“ „í gær...“ Tengir hugmyndir með samtenginum t.d. og, en, af því að... 	<ul style="list-style-type: none"> Tjáir hugmyndir í samhengi við umræðuefni t.d. segir sögu sem svipar til þeirrar sem sögð er „ég datt líka í gær“ 	<ul style="list-style-type: none"> Getur raðað saman hugmyndum í tímaröð t.d. Fyrst, svo og svo....
Málvísindagleg færni: Orðaforði	<ul style="list-style-type: none"> Notar allra nauðsynlegasta orðaforða til að bjarga sér t.d. matur, föt, skóli 	<ul style="list-style-type: none"> Gerir sig skiljanlegan með því að nota algengan orðaforða og lykilorð t.d. „matur er góður“ 	<ul style="list-style-type: none"> Hefur aukið orðaforðakunn áttu sem gerir honum kleift að takast á við námsgreinar t.d. planta hefur stöngul og rót 	<ul style="list-style-type: none"> Gerir tilraunir með orðaforða t.d. samheiti, andheiti, ýmsar merkingar orða 	<ul style="list-style-type: none"> Hefur nægan orðaforða í ýmsum námsgreinum í skólanum
Málvísindaleg færni: Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> Notar eitt eða tvö orð, eða látbragð, til að gera sig skiljanlegan, t.d. „klósett“ „fara klósett“ 	<ul style="list-style-type: none"> Notar staðlaðar algengar setningar t.d. „má ég fara á klósettið“ „þetta er skólataska“ Gerir margar málfræðivillur á meðan hann er að gera tilraunir með tungumálið 	<ul style="list-style-type: none"> Getur myndað spurnarsetninga r, fullyrðingar og boðhátt t.d. „Hvert erum við að fara?“ „Af hverju eru ekki íþróttir?“ Gerir tilraunir með tíðir Yfirfærir reglur t.d. „ég faraði“ 	<ul style="list-style-type: none"> Leiðréttir sjálfan sig og gerir tilraunir með setningamyndun til að gera sig skiljanlegan 	<ul style="list-style-type: none"> Myndar setningar í auknum mæli rétt t.d. eru frásagnir hans í auknu mæli málfræðilega réttar

1.OG 2. BEKKUR - TAL

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Skipulagsleg færni Strategic	<ul style="list-style-type: none"> • Endurtekur og hermir eftir orðum og setningum sem hann heyrir • Notar orð sem hann hefur lært til að tjá sig • Bregður fyrir sig móðurmáli 	<ul style="list-style-type: none"> • Notar einföld orð sem eru algeng í talmáli t.d. „jæja“ „ha“ „ok“ • Byrjar að mynda spurningar um hér og nú t.d. „eru friminútur?“ 	<ul style="list-style-type: none"> • Tekur þátt í almennum algengum umræðum t.d. ákveður að gera eitthvað með vini, vinnur með öðrum í verkefnum í skólastofunni 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur tekið virkan þátt í samræðum með jafnöldrum og fullorðnum 	<ul style="list-style-type: none"> • Kemur inn í, byrjar, lýkur samtalsæfingu m
Félagsleg málfærni	<ul style="list-style-type: none"> • Notar almenn kurteisorð, t.d. „takk“ „fyrirgefðu“ • Notar móðurmál og menningu til að ráða í merkingu umhverfisins 	<ul style="list-style-type: none"> • Gerir tilraunir með almennar talmálshefðir t.d. „éveideggi“ og yppir öxlum 	<ul style="list-style-type: none"> • Notar algengar talmáls setningar og látbragð til að taka þátt í umræðum með vinum og í skólastofunni t.d. „glætan“ „þetta er geðveikt“ 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur myndað formlegar og óformlegar setningar t.d. gerir greinarmun á samtölum við vin og fullorðna ókunna manneskju 	<ul style="list-style-type: none"> • Velur rétt orð, orðatiltæki, málfar og setningar eftir aðstæðum
Framburður	<ul style="list-style-type: none"> • Hermir eftir íslenskum hljóðum 	<ul style="list-style-type: none"> • Hermir eftir íslenskum ljóðum og söngvum t.d. getur tekið virkan þátt í söng, upplestri • Tal er enn þá í skeytastil og með miklum hreim 	<ul style="list-style-type: none"> • Gerir tilraunir með framburð og áherslur 	<ul style="list-style-type: none"> • Tal orðið vel skiljanlegt og íslenskulegt þegar hann segir algengar setningar 	<ul style="list-style-type: none"> • Tal mjög íslenskulegt í óundirbúnum og ekki svo algengum setningum

1. OG 2. BEKKUR - LESTUR

L

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Samtöl	<ul style="list-style-type: none"> Tekur þátt í samlestri, t.d. stórar bækur, myndir, teiknimyndaseríur 	<ul style="list-style-type: none"> Les einfaldan texta um kunnuglegt efni t.d. kennslubækur í íslensku fyrir byrjendur, myndabækur 	<ul style="list-style-type: none"> Notar meðvitaðar, aðferðir til að ráða í merkingu texta Skilur aðalatriði tengdra setninga um kunnuglegt efni 	<ul style="list-style-type: none"> Skilur megin hugmyndir og mikilvægustu atriði í texta um kunnuglegt efni t.d. getur endursagt sögu, heldur áfram með sögu 	<ul style="list-style-type: none"> Nær samhengi og megin þræði í lesnum texta, bæði um kunnuglegt efni og nýtt, skilur merkingu tengiorða
Málvisindaleg færni: Hljóðkerfisvitund	<ul style="list-style-type: none"> Skilur að hljóð eru táknúð með ákveðnum stöfum 	<ul style="list-style-type: none"> Gerir greinarmun á mismunandi hljóðum íslenskra stafa 	<ul style="list-style-type: none"> Notar hljóðkerfisvitundina til að segja hvaða stafur er t.d. í upphafi orðs og getur rímað 	<ul style="list-style-type: none"> Þróar með sér aðferðir til að ráða í merkingu orða, t.d., búta niður orð 	<ul style="list-style-type: none"> Er búinn að ná tökum á fjölbreytilegri tækni til að ráða í merkingu orða í texta
Málvisindaleg færni: Orðaforði	<ul style="list-style-type: none"> Les nafnið sitt Byrjar að skilja ákveðin orð í umhverfinu t.d. klósett, McDonalds Kann nokkra stafi og tölur 	<ul style="list-style-type: none"> Getur sagt hljóð íslensku stafanna Þekkir fleiri orð í sjón t.d. Reykjavík Skilur orð í umhverfinu, skólastofunni t.d. stundatafla 	<ul style="list-style-type: none"> Skilur algeng orð sem hann hefur oft heyrt t.d. litir, tölur, fjölskyldan, skóli 	<ul style="list-style-type: none"> Skilur að sum orð hafa fleiri en eina merkingu t.d. á, úr 	<ul style="list-style-type: none"> Nýtir sér kunnáttu í formgerð tungumálsins til að skilja texta t.d. fleirtala, tíðir sagnorða

1. OG 2. BEKKUR- LESTUR

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Félagsleg málfærni	<ul style="list-style-type: none"> Sýnir lestrarkunnáttuh egðun t.d. velur bækur, flettir bókum, horfir á myndir 	<ul style="list-style-type: none"> þeir að taka þátt í umræðum um lestrarbækur Sýnir viðbrögð við lestri t.d. hlær, verður leiður 	<ul style="list-style-type: none"> Les frá orði til orðs einfaldan texta 	<ul style="list-style-type: none"> Les en skilur kannski ekki málvenjubundnar setningar 	<ul style="list-style-type: none"> Skilur einfalda merkingu sem vísar til menningar t.d. ljóð, söngvar, skráttur
Skipulagsleg færni: Að ráða í samhengi	<ul style="list-style-type: none"> Túlkar myndir út frá eigin menningu Meðhöndlar bækur rétt, snýr þeim rétt, les frá vinstri til hægri, frá toppi og niður 	<ul style="list-style-type: none"> Getur tengt saman texta og mynd Byrjar að skilja algeng orð og setningar t.d. Mér finnst gaman... Lærir ný orð út frá móðurmáli og eigin menningu t.d. myndaorðabækur 	<ul style="list-style-type: none"> Ræður í merkingu texta út frá samhengi og sjónrænum ábendingum t.d. nýleg reynsla, móðurmál, myndir 	<ul style="list-style-type: none"> Nýtir sér aukna færni í tungumálinu og aukið sjálfstraust til að skilja texta t.d. ræður í merkingu nýrra orða, giskar á framvindu sögu 	<ul style="list-style-type: none"> Skilur flestar ályktanir í texta sem er ætlaður þessum aldurshópi

1.OG 2. BEKKUR - RITUN

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Samtöl	<ul style="list-style-type: none"> Teiknar til að gera sig skiljanlegan Byrjar að skilja að rituð tákn merkja hljóð, orð og hugsun Notar móðurmál og menningu í ritun 	<ul style="list-style-type: none"> Tengir saman tvö og þrjú orð Getur sett inn ný orð í staðlaðar setningar t.d. Ég sé <u>hund</u>, ég sé <u>kisu</u> 	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar stuttar setningar í samhengi út frá myndum eða umræðum t.d. ég sé hund, hann er brúnn Tengir saman setningar með tengiorðum t.d. og, af því að, en 	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar stuttan texta og notar til þess lærðar setningar t.d. dagbók: ég vakna, ég burstu tennur... uppskriftir, atburðarás í sögu 	<ul style="list-style-type: none"> Ræður við fjölbreytlegar setningar, myndar setningar sjálfstætt og nokkuð rétt t.d. skrifar eigin frásögn með lítilli aðstoð
Málvísindaleg færni: Orðaforði	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar nafnið sitt Túlkar orð sem hann heyrir með mynd, fyrsta staf eða öllum stöfum Notar stafi úr móðurmáli Hermir eftir myndum, stöfum og orðum án eða með skilningi 	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar nokkur orð sem tengjast daglegu lífi og skilur þau t.d. hermir eftir, teiknar, skrifar á móðurmáli, sýnir í myndaorðabók Notar nokkur algeng orð sem hann sér og skilur þau 	<ul style="list-style-type: none"> Notar algengan, persónulegan lykilorðaforða Bætir við smáatriðum með aðstoð kennara Notar nýjan orðaforða eftir innlögn í honum 	<ul style="list-style-type: none"> Hefur náð tökum á samheitum, t.d. drengur, strákur Getur yfirfært þekktan orðaforða í nýtt samhengi Getur bætt við atriðum í einfaldar setningar 	<ul style="list-style-type: none"> Notar lykilorðaforða í námsgreinum sem ætlaður er þessum árgangi Notar nýjan orðaforða í alls konar samhengi t.d. bréf, veggspjöld, fréttablöð
Málvísindaleg færni: Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> Notar algeng orð, mest nafnorð 	<ul style="list-style-type: none"> Skrifar einfaldar setningar Hermir eftir og heldur áfram með algengar, staðlaðar setningar 	<ul style="list-style-type: none"> Sýnir fram á kunnáttu í orðaröð einfaldra setninga t.d. frumlag-umsögn-andlag Byrjar að nota fornöfn og forsetningar t.d. hann, hún, í, á, hjá 	<ul style="list-style-type: none"> Sýnir fram á kunnáttu í orðaröð og tíðum sagnorða í fjölbreyttum setningum t.d. staðhæfingar, spurningar og neitanir 	<ul style="list-style-type: none"> Sýnir fram á kunnáttu í grunnatriðum íslenskrar málfræði sem gera má ráð fyrir hjá börnum á þessum aldri, með nokkrum villum

1. OG 2. BEKKUR - RITUN

Færni	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Málvisindaleg færni: Reglur og form	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar nokkra stafi og tölur eftir forskrift • Skrifar í rétta átt, frá vinstri til hægri, frá toppi og niður 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar stafi og tölur eftir forskrift með meiri nákvæmni og færni • Þróar með sér kunnáttu í bili á milli orða • Reynir að stafsetja þekkt orð eftir hljóði 	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur reglulegt bil á milli orða í setningu • Giskar á stafsetningu út frá eigin framburði • Stafsetur sum algeng orð eftir minni 	<ul style="list-style-type: none"> • Stafsetur orð eftir framburði og minni 	<ul style="list-style-type: none"> • Er farinn að tileinka sér reglur um stóran og litinn staf, stafsetningu algengra orða og punkta og kommur
Félagsleg málfærni	<ul style="list-style-type: none"> • Notar ýmis skriffæri, t.d. blýant, penna, litblýant, lyklaborð • Túlkar tilfinningar og hugsanir með teikningum, táknum og orðum 	<ul style="list-style-type: none"> • Kemur sér upp ritunarvenjum t.d. skrifar eftir fyrirmælum, skipuleggur stílabækur, skrifar dagbók 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sett saman algeng rituð skilaboð t.d. boðskort í afmæli, afmæliskort 	<ul style="list-style-type: none"> • Gerir greinarmun á lesanda þess sem ritunin er ætluð, t.d. vinur eða kennari og aðlagar textann að því 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar út frá félagslegu og menningarlegu samhengi